

## 5. Stjórnarfundur UMSB haldinn á Lundi kl. 20.00 þann 19. september 2017

Mættir : Guðrún, Sólrún, Kristín, Pálmi og Anna Dís.

\* Sólrún setur fund og ber fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar sem var gert.

\* **Formannafundur verður 5. október í Lyngbrekku** og Umf. Björn Hítðælakappi sér um hann.  
Dagskráin undirbúin.

- Bera þarf upp reglugerðarbreytingar sem voru kynntar í vor.

- Skoða hvernig forgangs röðun í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu á að vera samkv. óskum aðildarfélaganna.

- Fyrirlestur frá Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur um jákvæð samskipti í félagsmálum.

- Pálmi kynnir heilsueflandi samfélag og ætlar að reyna að fá Gunnlaug sveitarstjóra með sér .

- Athuga hvort aðildarfélögin hafa áhuga á símastaurum til hreyfitækjagerðar á þeirra svæðum.

- Framleiðsla á núverandi búningum sambandsins er hætt en kynna þarf nýja búninga sem voru valdir eins líkir á litinn og þeir sem verið hafa.

\* Sambandsþing UMFÍ 14 - 15 október á Hallormsstað.

- Pálmi, Guðrún, Sólrún og Anna Dís eru til farar reiðubúin en **Pálmi athugar með varamenn** en einn fulltrúa vantar. Búið að bóka flug fram og til baka.

- Helst brennur á okkur að hækka þátttökugjöldin á Unglingalandsmótin og e.t.v. hin líka.

- Talið að stjórn UMFÍ leggi fram tillögu um þetta en annars gerum við það.

**Pálma falið að athuga með skilafrest á tillögum.**

Heitasta málið á þinginu verður líklega innganga íþróttabandalaganna og hvernig því verður hagað.

\* **Verkefni í gangi .**

- Pálmi hefur skipulagt lýðheilsugöngur í Borgarbyggð.

- Komin er ný talva með allskonar möguleikum sem Pálmi hefur verið að sansa fyrir lágmarksgjald.

- Auður framkvæmdastjóri UMFÍ kom í heimsókn og kynnti tölvukerfið sem þau vinna í.

- Gjaldkeri UMSB hefur ekkert mætt og kallað var eftir svörum um það en hún hefur misst áhugann og vill losna, Sigríður Bjarnadóttir er varamaður hennar og er til í að taka við.

- Starfsstyrkirnir voru greiddir of seint út en ekki komið kvartanir þess vegna.

- Pálmi er að reyna að koma Motokrossinu og þeirra svæði eitthvað áfram innan stjórnkerfis Borgarbyggðar og horfir helst til Fíflholta en þar er talið vera rúmt og áhugavert svæði fyrir motokross braut. Þangað er um 15 mín akstur.

- Húsbyggingarhópurinn er fullmannaður í svipin því Margrét Katrín kemur inn í stað Elvu.

Stefnt að kynnisferð á höfuðborgarsvæðið að skoða byggingar og rekstrarfyrirkomulag.

- Nú eru sjóðir opnir til umsókna og við veltum fyrir okkur hvað við gætum sótt um en datt fátt í hug, en hvetjum frjálsíþróttafélagið til að sækja um til kaupa á nýjum hástökkdýnum og þá kannske í samstarfi við Borgarbyggð, einnig þarf að finna bærilega lausn á geymslumálum fyrir þessar dýnur.

- Aðstaða var fundin fyrir þjálfara til að kenna Kembó bardagaíþróttir í Borgarnesi en hann er samt á eigin vegum.

\* **Önnur mál**

- **Pálmi tekur að sér að stefna saman Halla vallarumsjónarmanni og frjálsíþróttafélaginu og e.t.v. fleirum vegna umgengni um vallahús, völl og fl. samskipti.**

- Verið er að vinna í undirbúningi sameiningar Faxe og Skugga en gengur brösuglega en við teljum ekki að við getum mikið hjálpað til með það. Helst er að nýta sveitarfélagið til að setja einhver skilyrði vegna beitar eða samninga almennt þar á milli svo allir sitji við sama borð.

- Samstarfssamningurinn við Borgarbyggð er farinn að stytast í annann endann og reglulega koma fram raddir í fræðslunefnd sem vilja slaufa þessum samning en við höfum áhuga á að vita hvað helst er hægt að bæta eða hvaða vankanta fólk telur vera á þessu samstarfi.

- Búið er að flytja frisbeegolf körfur á Hvanneyri þar sem setja á upp völl. Hugmyndir sem heyrst hafa um staðsetningu vallarins bakvið Landbúnaðarháskólann þykja ekki öllum heppilegar, en við fylgjumst með.

Fundargerð ritaði Kristín Gunnarsd.